Er atvinnuleysi ekki lengur áhyggjuefni?

Undanfarna mánuði höfum við séð fréttir af því að skráð atvinnuleysi hafi farið hratt minnkandi og Ísland sé í raun eitt af fáum ríkjum Evrópu þar sem það hafi gerst. Auðvitað væri óskandi að þetta væri rétt, því ekkert er mikilvægara en að atvinnuleysi fari minnkandi því það þýddi að tekjur og afkoma heimilanna í landinu færi hratt batnandi. En er það svo, hefur atvinnuleysi minnkað í raun og veru? Í vikunni sem leið fullyrti ég í viðtali í Speglinum að svo væri ekki, að atvinnuleysið væri í reynd 10-12%. Það er í sjálfu sér eðlilegt að ég geri aðeins grein fyrir hvað ég á við með þessari fullyrðingu minni.

Nú fimm árum eftir fall krónunnar og hrun fjármálakerfisins hefur störfum í landinu lítið fjölgað, þó úrtakskannanir Hagstofunnar séu farnar að sýna hægfara bata. Áhrif efnahagshrunsins 2008 voru þau að ríflega 20 þúsund störf glötuðust. Ári síðar var fjöldi þeirra sem voru með bótarétt, þ.e. skráð atvinnuleysi, ríflega 13 þúsund manns en þar til viðbótar voru brottfluttir landsmenn á vinnufærum aldri umfram aðflutta um 2.400 manns. Við þetta má bæta að ríflega 5600 manns höfðu hreinlega hætt að leita sér að vinnu eða farið í nám því atvinnuþátttakan á landinu lækkaði um 3% milli 2007 og 2009. Því má segja að raunatvinnuleysi á Íslandi hafi árið 2009 verið um 21 þúsund manns miðað við sömu atvinnuþátttöku og fyrir hrun. Af þessum fjölda áttu 63% rétt á atvinnuleysisbótum.



Ef litið er á þetta raunatvinnuleysi fimm árum síðar er ljóst að það hefur aukist í um 24 þúsund manns en samsetningin er gjörbreytt. Nú er fjöldi þeirra sem eiga bótarétt einungis þriðjungur eða um 8000 manns, fjöldi virkra atvinnuleitenda sem ekki eiga bótarétt er tæplega 5000 manns[1] og uppsafnaður fjöldi þeirra landsmanna á vinnufærum aldri sem flutt hafa af landi brott umfram þá sem komu heim er nú um 5000 manns. Við þetta má bæta fjöldi þeirra sem hætt hefur á vinnumarkaði miðað við 2007, en hann er sem fyrr 5600 manns.

[1] Hér er þessi fjöldi áætlaður sem mismunur á fjölda atvinnuleitenda skv. uppgjöri Hagstofunnar og meðalfjölda þeirra sem eru skráðir hjá Vinnumálastofnun.

Á næstu mynd má sjá þetta sem hlutfall af vinnuaflinu, en samkvæmt þessu uppgjöri var raunatvinnuleysi 11,7% árið 2009 og hefur vaxið í 13,1% á 2. ársfjórðungi 2013, þrátt fyrir að störfum hafi aðeins tekið að fjölga.



Þessar tölur segja okkur að glímunni við atvinnuleysið er engan vegin lokið. Það eitt að fólk missi réttinn til atvinnuleysisbóta, að fólk fari til annarra landa tímabundið til að sjá sér og sínum farborða eða hætti tímabundið að leita sér að vinnu vegna náms eða vegna þess að enga vinnu er að fá er enginn lausn. Í besta falli er hluti þessara skýringa tímabundin lausn en breytir ekki umfangi viðfangsefnisins – hér þurfa að verða til um 24 þúsund varanleg störf.